

REGLUGERÐ KSÍ

um landsliðs – og heiðursviðurkenningar

Stjórn Knattspyrnusambands Íslands veitir viðurkenningar til þeirra sem leikið hafa með landsliðum Íslands og þeirra sem unnið hafa að framgangi knattspyrnuíþróttarinnar skv. eftirfarandi:

1. gr.

Viðurkenningar til landsliðsleikmanna kvenna og karla:

Nýliðamerkið:

Nýliðamerkið á hvítum grunni með rauðum stöfum skal sæma þá knattspyrnuleikmenn, sem leika í fyrsta sinn með landsliði Íslands í milliríkjaleikjum, þó ekki A-landsliði.

Landsliðsmerkið:

Landsliðsmerkið á gylltum grunni með bláum bókstöfum skal sæma þá knattspyrnuleikmenn sem leika í fyrsta sinn í A-landsliði Íslands í milliríkjaleikjum.

Knattspyrnustytta KSÍ fyrir 50 landsleiki:

Knattspyrnustytta skal veita í viðurkenningaskyni þeim knattspyrnuleikmönnum sem náð hafa að leika 50 A-landsleiki,

Heiðursviðurkenning fyrir 100 landsleiki:

Sérhannað listaverk skal veita í viðurkenningaskyni þeim knattspyrnuleikmönnum sem náð hafa að leika 100 A-landsleiki.

2. gr.

Viðurkenningar fyrir störf innan knattspyrnuhreyfingarinnar

Heiðursmerki úr silfri:

Heiðursmerki þetta veitist þeim sem unnið hafa vel og dyggilega að eflingu knattspyrnuíþróttarinnar í áratug eða lengur.

Heiðursmerki úr gulli:

Heiðursmerki þetta veitist aðeins þeim einstaklingum, sem unnið hafa knattspyrnuíþróttinni langvarandi og þýðingarmikil störf.

Heiðurskross úr gulli í borða með íslensku fánalitunum:

Heiðurskross þessi, sem er æðsta heiðursmerki KSÍ, veitist aðeins undir alveg sérstökum kringumstæðum þeim einstaklingum, sem unnið hafa knattspyrnuíþróttinni ómetanlegt gagn.

Heiðurskrossi skal einnig fylgja sérstakt heiðurskjal.

Þeir sem hljóta heiðursviðurkenningar Knattspyrnusambands Íslands, skulu einir hafa rétt til þess að bera þær og er þeim ekki heimilt að láta þær af hendi.

3. gr.

Viðurkenningar til aðila utan knattspyrnuhreyfingarinnar.

Heiðursviðurkenning:

Stjórn KSÍ getur veitt aðilum utan knattspyrnuhreyfingarinnar og erlendum knattspyrnuleiðtogum sérstaka heiðursviðurkenningu fyrir mikilvæg störf sem stuðla að vexti og viðgangi knattspyrnunnar á Íslandi.

4. gr.
Gildistaka

Reglugerð þessi er sett með stoð í 20. grein laga KSÍ og öðlast þegar gildi samkvæmt sömu grein. Við gildistöku hennar fellur úr gildi eldri reglugerð KSÍ um landsliðs- og heiðursviðurkenningar.

Samþykkt af stjórn KSÍ 15. apríl 2021